



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 28. júní 2018

SFS2018060298

10.2

HG/et

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Viðauki við samning mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar vegna Námsflokka Reykjavíkur

Á 141. fundi skóla- og frístundaráðs, þann 27. júní 2018, voru lögð fram drög að viðauka við samning mennta- og menningarmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar vegna Námsflokka Reykjavíkur ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. júní 2018, viðauki við samning milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar vegna Námsflokka Reykjavíkur, dags. 22. febrúar 2017 og samningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Reykjavíkurborg vegna Námsflokka Reykjavíkur, dags. 15. september 2013.

Drög að viðauka voru samþykkt og vísað til borgarráðs.

Framangreindu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Drög að viðauka við samning mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar vegna Námsflokka Reykjavíkur

Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. júní 2018

Viðauki við samning mennta- og menningarmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar vegna Námsflokka Reykjavíkur, dags. 22. febrúar 2017.

Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Reykjavíkurborg vegna Námsflokka Reykjavíkur, dags. 15. september 2013

Reykjavík, 19. júní 2018
SFS2018060298
141. fundur
HG/ia/en

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Viðauki við samning mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar vegna Námsflokka Reykjavíkur

Lagt er fyrir skóla- og frístundaráð að taka ákvörðun um gerð viðauka við samning Námsflokka Reykjavíkur og mennta – og menningarmálaráðuneytis um verkefnin Námskraft og Starfskraft. Verkefnin eru námsúrræði til handa ungmennum á aldrinum 16 – 20 ára.

Samningur um verkefnið var samþykktur í skóla- og frístundaráði þann 18. september 2013 og í borgarráði þann 26. september 2013. Í samningnum er kveðið á um að hann framlengist sjálfkrafa um eitt ár etir því sem veitt er til hans fé í fjárlögum. Hann skuli þó endurskoðaður eigi síðar en þremur árum frá undirritun, ella fellur hann úr gildi í lok þess árs, þ.e. árið 2016. Þann 22. febrúar 2017 var gerður viðauki við samninginn sem framlengdi gildistímann til 31. desember 2017. Meðfylgjandi drög að viðauka kveða á um að samningurinn verði framlengdur til ársloka 2018.

Viðauki 2 við samning mennta- og menningarmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar vegna Námsflokka Reykjavíkur

1. gr.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, kt. 460269-2969 og Reykjavíkurborg v. Námsflokka Reykjavíkur, kt. 530269-7609, gerðu þann 15. september 2013 samning um ráðstöfun styrktar-/rekstrarframlags í fjárlögum.

Þann 22. febrúar 2017 var gerður viðauki við framangreindan samning þar sem gildistími samningsins var framlengdur til 31.12.2017.

Aðilar framangreinds samnings hafa ákveðið að gera nýjan viðauka við samninginn og er kveðið nánar á um efni hans í 2. – 3. gr. Viðaukinn er byggður á samþykkt skóla- og frístundaráðs frá (dags. samþykktar skóla- og frístundaráðs), sem staðfest var í borgarráði (dags. samþykktar borgarráðs).

2. gr.

Gildistími samningsins skv. 8. gr. framlengist til 31. desember 2018 og fellur samningurinn niður að þeim tíma loknum.

3. gr.

Ákvæði greinar 2.1. verður svohljóðandi:

Framlag mennta- og menningarmálaráðuneytisins á haustönn 2018 nemur kr. 506.667,- fyrir hvern nemanda í Námskrafti (hámark 30 nemendur) og kr. 380.000,- fyrir hvern nemanda í Starfskrafti (hámark 10 nemendur).

4. gr.

Viðauki þessi telst vera hluti framangreinds samnings milli aðila frá 15. september 2013 og gilda sömu ákvæði um uppsögn og endurskoðun samningsins. Að því leyti sem ákvæði viðauka þessa og gildandi samnings kunna að teljast ósamrýmanleg gilda ákvæði viðaukans.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsaðila á viðaukanum skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Viðauki þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, sitt handa hvorum samningsaðila.

Reykjavík júlí 2018

F.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis
Reykjavíkur

F.h. Reykjavíkurborgar v. Námsflokka

Viðauki við samning milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar v. Námsflokka Reykjavíkur

1. gr.

Gildistími, sbr. 8. gr., í samningi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis kt. 460269-2969 og Reykjavíkurborgar v. Námsflokka Reykjavíkur kt. 530269-7609, dags. 15.09.2013 framlengist til 31.12.2017.

2. gr.

Grein 2.1. í samningnum fellur út í heild og í stað hennar kemur eftirfarandi:

Árlegt framlag til Námsflokka Reykjavíkur er að hámarki 38 m.kr. á samningstímanum og fer eftir fjölda nemenda á aldrinum 16-20 ára sem nýta sér úrræðið. Framlagið á önn er kr. 506.667 fyrir hvern nemanda í Námskrafti (hámark 30 nemendur) og kr. 380.000 fyrir hvern nemanda í Starfskrafti (hámark 10 nemendur).

3. gr.


Grein 8.1. í samningnum fellur út í heild.

4. gr.

Í stað almennra tilvísana til laga um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997 kemur vísun í lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Reykjavík, 22. febrúar 2017


f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis


f.h. Reykjavíkurborgar v. Námsflokka Reykjavíkur

SKJALAVER HÖFÐATORGI
14. MAR. 2017
Málsnr.: SFS 2013080045
Bréfalykill: 10.2

Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytisins

við Reykjavíkurborg v. Námsflokka Reykjavíkur

um ráðstöfun styrktar-/rekstrarframlags í fjárlögum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneytið, og Námsflokkar Reykjavíkur, kt. 530269-7609, samningi þessum nefnt styrkþegi, gera með sér svofelldan samning.

1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- Bjóða framhaldsnám við hæfi fyrir nemendur sem ekki geta nýtt sér það námsframboð sem til staðar er á almennum brautum framhaldsskóla.
- Stuðla að alhliða þroska þessara nemenda til að búa þá undir frekara nám, störf og þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.
- Stuðla að auknu samstarfi styrkþega við framhaldsskólana í borginni og samnýtingu á þekkingu og reynslu þessara aðila.

1.2. Starfsemi

- Styrkþegi er umsjónaraðili verkefnanna Námskrafts og Starfskrafts, skipuleggur verkefnin í samráði og samstarfi við Fjölbautaskólann við Ármúla og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Námskraftur er námstilboð til handa ungmennum sem ekki hafa komist inn í framhaldsskóla. Námskraftur er samstarfsverkefni Námsflokka Reykjavíkur, sem sér um námshönnun og kennslu, Fjölbautaskólans við Ármúla sem metur áfanga og skráir einingar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem greiðir Námsflokkum Reykjavíkur kostnað vegna verkefnisins.

Starfskraftur er starfsþjálfunar- og námsverkefni sniðið að þörfum ungs fólks sem ekki hefur fótast sig í námi eða starfi. Starfskraftur er samstarfsverkefni Námsflokka Reykjavíkur, sem annast námshönnun og hefur umsjón með kennslu og starfsþjálfun nemenda, Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, sem greiðir kostnað við starfsþjálfun og mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sem greiðir kostnað vegna umsjonar og kennslu.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

2.1. Framlag ríkisins til samnings þessa er ákveðið í fjárlögum hvers árs og árið 2013 er það bundið fjölda nemenda á aldrinum 16-24 ára sem nýta sér úrræðið, 424.000 kr. fyrir hvern nemanda í Námskrafti (hámark 30 nemendur) en 318.000 fyrir hvern nemanda í Starfskrafti (hámark 12 nemendur).

2.1.1. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármálaráðuneytið, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, og við Alþingi. Það

mun leggja til við fjárlagagerð að áfram verði veitt framlag til samningsins enda standi Námsflokkar Reykjavíkur við skuldbindingar sínar.

- 2.2. Námsflokkar Reykjavíkur starfa í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.

3. Ábyrgð

- 3.1. Námsflokkar Reykjavíkur bera ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Þeir skulu geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. Námsflokkar Reykjavíkur bera ábyrgð á skuldbindingum sem þeir eða aðilar á þeirra vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. Námsflokkum Reykjavíkur er óheimilt að:
- 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
- 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.
- 3.4. Fjölbrautaskólinn við Ármúla staðfestir námseiningar á framhaldsskólastigi sem nemendur ljúka.

4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 4.1. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag fjórum sinnum á ári. Eftir að reikningar frá Námsflokkum Reykjavíkur hafa verið samþykktir í mennta- og menningarmálaráðuneytinu er greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka styrkþega.
- 4.1.1. Greitt er í upphafi haust- og voranna, 60% miðað við áætlaðan nemendafjölda í viðeigandi úrræði, á viðkomandi önn og í lok haust- og voranna, miðað við nemendauppgjör í viðeigandi úrræði, á viðkomandi önn.
- 4.2. Námsflokkar Reykjavíkur skila ráðuneytinu:
- 4.2.1.1. Áætlun um rekstur og sjóðsstreymi þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa fjárframlagi, fyrir lok janúar ár hvert.
- 4.2.2. Endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní ár hvert og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.
- 4.3. Eigi Námsflokkar Reykjavíkur í viðskiptum við lögaðila sem þeir eiga eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þeirra, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Fyrir lok júní ár hvert skila Námsflokkar Reykjavíkur ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi meðal annars hvernig tókst að uppfylla markmið samnings árið á undan og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.
- 5.3. Námsflokkar Reykjavíkur skila ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.4. Námsflokkar Reykjavíkur veita ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálf eða



fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.

- 5.5. Samning þennan, rekstrarreikning Námsflokka Reykjavíkur, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef Námsflokka Reykjavíkur jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.6. Námsflokkar Reykjavíkur setja á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir starfsemi hans, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.



6. Vanefndir og meðferð ágreinings


- 6.1. Námsflokkar Reykjavíkur tilkynna ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að þeir geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem þeir hyggjast grípa til.
 - 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og krefja um endurgreiðslur uppfylli Námsflokkar Reykjavíkur ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
 - 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
7. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. Gildistími og lok samnings

- 8.1. Samningurinn gildir um framlag í fjárlögum ársins 2013. Hann framlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn eftir því sem veitt er til hans fé í fjárlögum. Samningurinn skal þó endurskoðaður eigi síðar en þremur árum frá undirritun, ella fellur hann úr gildi í lok þess árs.
- 8.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 8.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 8.4. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor sínu aðili eintaki. Fjölbrautaskólinn við Ármúla staðfestir samninginn og fær afrit af honum.

Reykjavík, 15. september 2013


F.h. mennta- og menningarmálaráðuneytisins

F.h. Reykjavíkurborgar v. Námsflokka Reykjavíkur


F.h. Fjölbrautaskólans við Ármúla